

Þriðjudaginn 7. febrúar 1984.

Nr. 142/1982. **Arnardalur s/f**

(Þórólfur K. Beck hrl.)

gegn

Framtaki, byggingarverktökum h/f

(Stefán Pálsson hrl.)

Verksamningur. Féviti. Skaðabótakrafa. Fjárnámsgerð staðfest. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 30. júní 1981, að fengnu áfrýjunarleyfi 19. s. m. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða sér 28.577.29 krónur ásamt hæstu innlánsvöxtum (dómvöxtum) frá 1. janúar 1979 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Þá krefst hann þess, að felld verði úr gildi fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 29. maí 1981, en þá var að kröfu stefnda gert fjárnám í eign áfrýjanda, Tangarhöfða 13, fyrir 37.101.63 krónum ásamt vöxtum og kostnaði.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Áfrýjandi hefur lagt fyrir Hæstarétt matsgerð Eiríks Jónssonar verkfræðings og Grétars Ólafssonar tæknifræðings, en þeir voru eftir beiðni áfrýjanda dómkvaddir á bæjarþingi Akureyrar 9. febrúar 1982 til þess að meta til peningaverðs fjártjón það og auka-kostnað, sem stefndi teldist hafa valdið áfrýjanda með brotthvarfi frá hinu umsamda verki. Matsgerðin, sem dagsett er 20. maí 1982, ber fyrirsögnina: „Matsgerð. Mat á kostnaði við ólokið verk við 5.a áfanga Hitaveitu Akureyrar er Framtak hf hætti þar vinnu sem undirverktaki hjá Arnardal sf.“ Niðurstaða matsmannanna er sú, að ólokin verk hefðu samtals átt að kosta 505.000 gkr. miðað við einingarverð í samningi aðilja. Þá segir á þessa leið: „Með athugun á áðurnefndum samningi, einingarverðum hans og samanburði við

það, sem matsmenn telja eðlilegar kostnaðaráætlanir fyrir umræddar verkeiningar og með tilliti til þess á hvaða árstíma Arnardalur s.f. þurfti að vinna verkið hafa matsmenn komist að þeirri niðurstöðu að hæfilegt sé að áætla kostnað Arnardals s.f. kr. 1.500.000,- við að ljúka áðurnefndum verkhlutum og er þá miðað við verðlag 1. des. 1978. . .“

Áfrýjandi sundurliðar kröfu sína þannig:

1. Dagsektir	gkr. 1.650.000
2. Skaðabætur	gkr. <u>2.000.000</u>
Samtals	gkr. 3.650.000
Til frádráttar	gkr. <u>792.271</u>
	Gkr. 2.857.729

Frádráttarliðurinn er miðaður við samþykktu reikninga stefnda, 12.541.141 gkr. að frádregnum innborgunum, 11.500.000 gkr. og reikningi vegna aksturs, 248.870 gkr.

Stefndi hvarf í október 1978 frá verki því óloknu, sem hann hafði tekið að sér að vinna fyrir áfrýjanda með verksamningi 5. júlí. Stefndi á rétt á greiðslu fyrir þann hluta verksins, sem hann hafði innt af höndum. Stefndi krafði áfrýjanda um greiðslu fyrir verkið með reikningum þeim, sem lýst er í héraðsdómi og auðkenndir þar sem dskj. 3-10. Þykir mega staðfesta úrlausn héraðsdóms um reikningana á dskj. 3-8. Reikningurinn á dskj. 9 er að fjárhæð 12.524.600 gkr. og lýtur að greiðslu fyrir götulögn milli brunna 130 og 501 svo og milli brunna 501 og 518. Í héraði féllst stefndi á að lækka þessa kröfu um 815.060 gkr., vegna þess að götulögn milli brunna 516 og 518 hafi verið ólokið. Héraðsdómur hefur tekið reikning þennan til greina með 11.709.540 gkr., en áfrýjandi samþykkir eigi nema 10.703.858 gkr. af henni. Ljóst þykir af gögnum málsins, að eigi aðeins hafi verið eftir að fylla og ganga frá skurði milli brunna 516 og 518, heldur hafi allmjög skort á það að öðru leyti, að gengið hafi verið frá götulögninni. Þykir umræddur reikningur eigi verða tekinn til greina, nema að því leyti sem áfrýjandi hefur samþykkt hann, eða 10.703.858 gkr. Samkvæmt þessu er fjárhæð sú, sem tekin er til greina af reikningum á dskj. 3-9 samtals 14.254.008 gkr. Reikna ber verðbætur á þann hluta fjárhæðarinnar, sem umfram er 9.500.000 gkr., eða 4.754.008 gkr. Aðiljar eru

sammála um, að miða skuli við 3,461% verðbætur, og verða þær því 164.536 gkr. Stefndu áttu þannig kröfu til greiðslu að fjárhæð samtals 14.418.544 gkr., en frá ber að draga greiðslur áfrýjanda til stefnda, 11.500.000 gkr., svo og reikning fyrir vörubílaakstur, 248.870 gkr., sem eigi er ágreiningur um. Niðurstaðan er því sú, að áfrýjandi hafi átt eftir að greiða stefnda 2.669.674 gkr. fyrir verk það, sem hann hafði leyst af höndum.

Stefndi hefur ekki fært sönnur á, að áfrýjandi hafi vanefnt umsamdar greiðslur til hans, svo sem stefndi hefur haldið fram til skýringar á því, að hann hvarf frá verkinu. Þykir hann hafa vanefnt samning sinn við áfrýjanda, sem eigi því tilkall til þess, að stefndi gjaldi honum féviti (dagsektir) samkvæmt ákvæði í verksamningnum. Áfrýjandi hefur skýrt dagsektakröfu sína þannig, að miðað sé sé annars vegar við skilafrest verksins, en hins vegar við þann tíma, þegar hann gat skilað verkinu af sér, eftir að hann hafði lokið við þann hluta þess, er stefndi hafði vanrækt. Skilafrestur á verkinu var upphaflega 1. október, en var framlengdur þannig, að verkinu skyldi lokið að fullu 25. október. Áfrýjandi hafði lokið verkinu að mestu 18. nóvember, er lögn milli brunna var tilbúin til áhleypingar. Yfirborðsfrágangi varð þó ekki lokið að fullu fyrr en næsta vor.

Fallast ber á það, að áfrýjandi eigi rétt til févita frá 25. október til 18. nóvember 1978, 50.000 gkr. fyrir hvern virkan dag, þ. e. 21 dag, eða samtals 1.050.000 gkr. Hins vegar verður að telja, að með því hafi hann fengið bætt tjón sitt af vanefndum stefnda á samningnum og eigi hann því ekki tilkall til skaðabóta að öðru leyti. Verður áfrýjandi samkvæmt þessu dæmdur til þess að greiða stefnda $2.669.674 \div 1.050.000$ gkr., þ. e. 16.196.74 nýkrónur, ásamt vöxtum, sem greinir í dómsorði, en upphafstíma vaxta þykir rétt að miða við birtingardag stefnu í héraði.

Staðfesta ber hina áfrýjuðu fjárnámssgerð til tryggingar þessum fjárhæðum og kostnaði við fjárnámið svo og við uppboð, ef til kemur.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Arnardalur s/f, greiði stefnda, Framtaki, byggingarverktökum h/f, 16.196.74 krónur ásamt ársvöxtum

þannig: 27% frá 15. nóvember til 1. desember 1979, 31% frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% frá þeim degi til 1. júní 1981, 37% frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 45% frá þeim degi til 21. september 1983, 37% frá þeim degi til 21. október 1983, 36% frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 32% frá þeim degi til 21. desember 1983, 25% frá þeim degi til 21. janúar 1984 og 19% frá þeim degi til greiðsludags að viðlagðri aðför að lögum.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er staðfest til tryggingar 16.196.74 krónum ásamt vöxtum, sem að ofan greinir, og kostnaði við fjárnám svo og við uppboð, ef til kemur.

Málkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i hæstaréttardómaranna Guðmundar Jónssonar og Magnúsar Þ. Torfasonar.

Stefndi hvarf frá óloknu því verki, er hann hafði tekið að sér að vinna fyrir áfrýjanda sem undirverktaki, síðla í októbermánuði 1978. Er ósannað, að hann hafi haft til þess réttmæta ástæðu vegna dráttar á umsömdum greiðslum eða annarra vanefnda áfrýjanda á samningsskyldum sínum. Kröfur áfrýjanda í gagnsök í héraði eru af þessum samningsrofum stefnda spröttnar.

Áfrýjandi sinni ekki ábendingu héraðsdóms um nauðsyn skýrari málsreifunar um gagnkröfurnar. Dæmdi héraðsdómur stefnda fulla sýknu af kröfum þessum vegna þess, hvernig áfrýjandi hélt á máli sínu fyrir dómnum. Með því fór héraðsdómur út fyrir dómkröfur stefnda, er einungis hafði krafist sýknu að svo stöddu. Er rétt, eins og hér stendur á, að dæma um gagnkröfurnar með hliðsjón af nýjum gögnum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt.

II.

Við erum samþykkir atkvæði meiri hluta dómenda um kröfur þær, er stefndi hér fyrir dómi hafði uppi í aðalsök í héraði, aðrar en kröfur samkvæmt reikningi á héraðsdómskjali nr. 9 og þar af

leiðandi einnig kröfu um verðbætur samkvæmt reikningi á héraðsdómskjali nr. 10.

Samkvæmt matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna, þeirri sem frá er greint í dómsatkvæðinu, en einnig er að vikið í því, er segir hér á eftir um gagnkröfu áfrýjenda fyrir héraðsdómi, er áætlað, að stefndi hafi átt ólokið pípulögn og jarðvinnu milli brunna 501-518 fyrir samtals 505.000 gkr., er hann hætti framkvæmdum við hið umsamda verk. Er þá miðað við magntölur og einingaverð samkvæmt verksamningi aðilja, en án álags vegna verðbóta.

Fyrir héraðsdómi lækkaði stefndi umræddan reikning sinn um 815.060 gkr. vegn ólokinna verka, eða um hærri fjárhæð en að framan greinir. Að þessu athuguðu svo og því, að ekki var staðreynt, hversu miklu væri ólokið af verkinu, áður en stefndi hófst handa um að ljúka því sjálfur, og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjanda dóms teljum við, að staðfest verði úrlausn hans um þennan kröfulið. Leiðir þá af framangreindu, að fjárhæð verðbóta breytist ekki frá því, sem héraðsdómur ákvað. Ber því að staðfesta dóminn að því er varðar aðalsök í héraði.

III.

Áfrýjandi sundurliðar kröfur sínar í gagnsök í héraði þannig hér fyrir dómi:

1. Dagsektir samkvæmt verksamningi, 50.000 gkr. á dag í 33 daga (15. október — 18. nóvember 1978), alls 1.650.000 gkr., eða 16.500.00 kr.
 2. Skaðabætur, 2.000.000 gkr., eða 20.000.00 —
- Alls 36.500.00 kr.

Um 1. kröfulið: Í verksamningi aðilja var kveðið á um skyldu stefnda til að greiða 50.000 gkr. í dagsektir fyrir hvern dag, „sem skilafrest dregst á langinn.“ Um skilafrest var vísað til verklýsingar, þ. e. verklýsingar aðalverkkaupans, Hitaveitu Akureyrar. Voru þar settir skilafrestir bæði að því er tók til einstakra verkþátta svo og verksins alls. Var hinn síðastgreindi frestur til 1. október 1978, en hann virðist síðan hafa verið framlengdur til 25. þess mánaðar vegna atvika, er vörðuðu aðalverkkaupa. Verður að skilja málflutning áfrýjanda svo, að dagsektakrafa hans sé eingöngu byggð

á því, að stefndi hafi ekki lokið verkinu í heild á réttum tíma.

Þegar til þess er litið, að stefndi hætti verkframkvæmdum að fullu og öllu, um það leyti sem hinn framlengdi skilafrestur rann út, og áfrýjandi tók þá framkvæmd verksins í sínar hendur, að áfrýjandi hefur uppi sérstaka skaðabótakröfu á hendur stefnda, byggða á mati dómkvaddra manna um fjártjón, er stefndi er talinn hafa valdið áfrýjanda, og að ekki verður talið, að áfrýjanda sé rétt að krefja stefnda í senn um skaðabætur vegna dráttar á að ljúka framkvæmdum og um fullar dagsektir af sama tilefni, þykir þessi kröfufélag ekki verða tekinn til greina.

Um 2. kröfufélag: Dómkvaddir matsmenn hafa metið „það fjártjón og aukakostnað“, sem áfrýjandi varð fyrir vegna brotthvarfs stefnda frá hinu umsamda verki. Hafa þeir áætlað kostnað áfrýjanda við að ljúka verkinu miðað við verðlag 1. desember 1978 1.500.000 gkr., en umsamda heildargreiðslu fyrir þau verk, sem ólokið var, miðað við einingaverð samkvæmt verksamningi, 505.000 gkr., svo sem áður var greint. Nemur mismunur því 995.000 gkr.

Ljóst er, að framangreint mat er hvergi nærri nákvæmt. Áfrýjandi hefur þó sjálfur á því byggt og ekki lagt fram nægileg sönnunargögn fyrir frekara tjóni, er hann hafi beðið vegna vanefnda stefnda. Þykir því mega ákveða honum fébætur vegna samningsrofa stefnda með hliðsjón af matsgerðinni og tiltaka þær 10.000.00 krónur (1.000.000 gkr.), er skuldajafnað verði við kröfu stefnda í aðalsök í héraði.

IV.

Samkvæmt framansögðu teljum við, að dæma beri áfrýjanda til að greiða stefnda 27.101.63 krónur ($37.101.63 \div 10.000.00$ krónur) með vöxtum, eftir því sem segir í atkvæði meiri hluta dómenda, svo og að staðfesta hina áfrýjuðu fjárnámsgerð fyrir framangreindri fjárhæð.

Við erum samþykkir atkvæði meiri hluta dómenda um málskostnað.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. mars 1981.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 16. febrúar sl., er höfðað af Framtaki, byggingarverktökum h/f, Akureyri, skv. stefnu, birtri 15. nóvember 1979,

19. nóvember 1979 og bókun 2. maí 1980 á hendur Sverri Þórólfsyni, Þinghólsbraut 58, Kópavogi, og Höskuldi B. Guðmundssyni, Gaukshólum 2, Reykjavík, in solidum og f. h. Arnardals s/f, Reykjavík. Þá er Þórdísi Gissurardóttur, Þinghólsbraut 58, Kópavogi, stefnt til að gæta réttar síns í málinu.

Endanlegar dómkröfur stefnanda koma fram í þinghaldi 16. febrúar sl. Þær eru, að stefndu verði dæmdir til greiðslu gkr. 10.100.779 ásamt 4.5% dráttarvöxtum af gkr. 7.014.430 frá 1. nóvember 1979 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar skv. mati réttarins. Kröfur stefndu koma fram á dskj. 14, sbr. bókun í þinghaldi 2. maí 1980. Þeir gera kröfu um algera sýknu og til greiðslu málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ. Réttargæslustefndi krefst ómakslauna að mati réttarins.

Stefndu hafa hafið gagnsakarmál með stefnu, framlagðri í dóm 2. maí 1980. Endanlegar kröfur þeirra í gagnsök koma fram á dskj. nr. 42. Þar krefja þeir gagnstefnda til greiðslu skuldar að fjárhæð gkr. 2.857.729 ásamt innlánsvöxtum sparifjár frá 1. janúar 1979 til greiðsludags svo og málskostnaðar að mati réttarins.

Í gagnsök gerir stefnandi kröfu um sýknu að svo stöddu af kröfum stefnda og um málskostnað að mati réttarins.

Sátt hefur verið reynd fyrir dóminum bæði í aðalsök og gagnsök, en án árangurs.

Málavextir.

Arnardalur s/f, sem skráður var í firmaskrá Reykjavíkur 15. júní 1978, var eign stefndu, Sverris og Höskuldar, og rekinn með ótakmarkaðri ábyrgð þeirra. Arnardalur s/f gerðist verktaki hjá Hitaveitu Akureyrar að áfanga 5 A við byggingu hitaveitunnar sumarið og haustið 1978. Það varð að ráði, að Arnardalur s/f fékk Framtak, byggingarverktaka h/f á Akureyri (hér eftir kallað Framtak h/f) til að vinna hluta verksins. Verksamningur var gerður milli fyrirtækjanna þann 5. júlí 1978. Samningur þessi hljóðar svo:

„Undirritaðir, annars vegar Arnardalur sf. Tangarhöfða 13 Rvk, hér eftir nefndur verkkaupi og hins vegar Framtak hf byggingarverktakar, Oddeyrargötu Akueyri, hér eftir nefndur verksali, gerum með okkur svo-felldan samning.

Verksali tekur að sér gröft, pípusuðu og frágang í Skógarlundi áfanga 5 svo og flutning og niðursetningu brunna, verkið skal unnið skv. verklýsingu Hitaveitu Akureyrar.

Verksali skal halda þau tímamörk sem verklýsing segir til um og skila verkþáttum á tilsettum tíma annars koma til dagsektir sem verksali greiðir kr. 50.000.00 pr. dag, sem skilatími dregst á langinn.

Verðbætur á verktímanum reiknast þannig.

Einingaverð hækka um 0.50% við hverja 1% hækkun á kaupi verkamanna
 Einingaverð hækka um 0.30% við hverja 1% hækkun á vélátöxtum
 Einingaverð hækka um 0.10% við hverja 1% hækkun á vörubílatöxtum
 Verðbætur miðast við verðlag 1. júlí 1978.

Greiðslur fara fram hálfsmánaðarlega eftir framvindu verksins, haldið verður eftir 5% af reikningsupphæðum þar til verkið hefur verið tekið út af Hitaveitu Akureyrar.

Fyrir ofangreint verk greiðist eftirfarandi:

Gröftur fyrir pípu, sandfylling kringum pípur, fyllt yfir og frágengið yfirborð, umframefni flutt burt. 350 × 250 pípur	kr. 3.200 pr. meter
Br 507 516 og 518 Gröftur og umframefni flutt burt og botn jafnaður	100.000 pr. stk.
Br. 4a Flutningur og gröftur, umframefni flutt burt og settur niður	110.000 pr. stk.
Umframefni flutt burt fyllt með grús í skurði jarðvegsskipti	2.000 pr. meter
Pípusuða frá brunni 501-518 lagt beint í gegnum brunna plastað og þrýstiprófað og flutt á staðinn	
Ø 250	2.000 pr. meter
Ø 350	2.500 pr. meter
Sprengingar fyrir brunnum	100.000 pr. brunn
Festuklossar	40.000 pr. stk.
Stýriklossar	18.000 pr. stk.
Umferðabré	225.000 1 stk.
Lagnir samhliða hitaveitulögn færðar til	
grein 4.4.6.1 ein lögn	500 pr. meter
tvær lagnir	1000 pr. meter
þrjár lagnir	1500 pr. meter
fjórar lagnir	2000 pr. meter
Göngubrýr	10.000 pr. stk.
grein 4.4.6.2 Breytt legu lagna	4.000 pr. meter
frárennislögn	8.000 pr. meter
grein 4.4.6.3.1 Lagnir fundnar grafið fyrir þeim ...	5.000 pr. stk.
grein 4.4.6.3.2 Þurfi að grafa þvert á skurði til að breyta hæðarlegu strengja	15.000 pr. stk.
grein 4.4.6.4 Færsla á götuniðurföllum	20.000 pr. stk.
grein 4.47 Fleygun á malbiki á götum	3.000 pr. meter“

Þau tímamörk, sem vitnað er til í samningnum hér að ofan, koma fram síðar.

Framtak h/f vann síðan hluta verksins frá því í júlí 1978 til október s.	
á. Samkvæmt greiðslufirliti á dskj. nr. 16 greiddi Arnardalur s/f til Fram-	
taks h/f vegna verks þessa þann 25. júlí 1978	gkr. 1.000.000
þann 3. ágúst 1978	gkr. 4.000.000
þann 25. ágúst 1978	gkr. 1.000.000
þann 6. september 1978	gkr. 1.500.000
þann 15. september 1978 skv. vixli, útgefnum 31. ágúst	
1978,	gkr. 2.000.000
þann 29. september 1978	gkr. 2.000.000
eða samtals	gkr. 11.500.000

Á verkfundi þann 20. september 1978 er gerð áætlun fyrir næstu tvær vikur. Á verkfund þennan mætir Stefán Jörundsson, framkvæmdastjóri Framtaks h/f, f. h. Arnardals s/f og gerir þann fyrirvara varðandi áætlunina, að hún sé háð því, að undirverktaki, Framtak h/f, fái greiðslu frá aðalverktaka, Arnardal s/f. Sverrir Þórólfsson og Höskuldur Guðmundsson eru hvorugir mættir á þessum fundi. Stefán Jörundsson er mættur á tveimur verkfundum varðandi dreifikerfi 5. áfanga A eftir þetta. Sverrir Þórólfsson mætir á þann fyrri, sem bókaður er 4. 10. 1978, og Höskuldur Guðmundsson á þann síðari, sem er þann 19. 10. 1978. Ekki er minnst á greiðslur á þessum fundum. Á síðari fundinum er gerð áætlun fyrir næstu tvær vikur og þá sagt: „Gert er ráð fyrir að sjóða í þeim brunnum sem eftir eru á næstu tveim vikum og á þeim tíma á að ljúka við allan annan frágang.“ Síðan er bókað: „Eftirlitsmenn verkkaupa benda verktaka á að skilafrestur sá sem hann hafði fengið skv. ákvörðun fulltrúa verkkaupa og staðfest er í bréfi dags. 9. 10. 1978 er útrunninn að því er varðar að brunnar 500 A til og með 516 verði tilbúnir til áhleypingar 15. október 1978.

Verktaki má gera ráð fyrir að verða krafinn um greiðslu dagsekta skv. verklýsingu frá þeim tíma þar til umræddir brunnar verði tilbúnir til áhleypingar.“

Undirverktakinn, Framtak h/f, hvarf síðan frá verkinu í lok október eða byrjun nóvember 1978 án þess að hafa lokið til fulls því verki, sem fyrir-tækið hafði tekið að sér samkvæmt verksamningnum.

Á dskj. nr. 17 er úttekt á verkstöðu á 5. áfanga A, þegar Framtak h/f fer frá verkinu í október 1978. Úttekt þessi hljóðar svo:

„*Brunnabil* 501-130.

Grafið hafði verið 24m austur úr brunni 501 og pípur soðnar saman og trukkprufaðar. Ekki búið að moka yfir og ganga frá niðurföllum né aka umframefni í burtu.

Brunnabil 501-505.

Yfirborðsfrágangur eftir.

Brunnabil 505-507.

Yfirborðsfrágangur eftir og eftir að keyra umframefni í burtu sem var samansafnað á plani norðan við brunn 506.

Brunnabil 507-509.

Allur frágangur búinn.

Brunnabil 509-516.

Allur yfirborðs frágangur eftir, eftir að keyra öllu umframefni í burtu eftir að gera við girðingu við Lund.

Brunnabil 516-518.

Búið að grafa skurð búið að sjóða pípur saman. Eftir er að loka skurði skifta um jarðveg, ganga frá viðvörunarþráðum, krumpa og moka yfir lögna ásamt yfirborðsfrágangi.

Brunnar 501, 502, 503, 504, 505, 506, 508, 509, 510, 511, 512, 513, 514, 515, 517.

Eftir er að hreinsa út úr brunnum grjót og sand, eftir er að ganga frá yfirborðsjarðvegi kringum brunna.“

Dómskjal þetta er undirritað af Sigurhans Hlynssyni, sem var einn af hluthöfum Framtaks h/f og verkstjóri hjá fyrirtækinu yfir pípulögn, þegar það vann við 5. áfanga A. Þá er skjalið undirritað af Sverri Þórólfssyni f. h. Arnardals s/f. Úttekt þessi er gerð miklu síðar en Framtak h/f hvarf frá verkinu. Úttektin er staðfest fyrir dóminum af Sigurhans Hlynssyni. Þá hafa eftirlitsmenn Hitaveitu Akureyrar með verkinu, Ingvar Baldursson og Bragi Sigurðsson, staðfest þessa úttekt, Ingvar í stórum dráttum og Bragi að nokkru. Þá styðja framburðir starfsmanna Arnardals s/f úttektina í stórum dráttum.

Þann 2. apríl 1979 skrifar Benedikt Ólafsson, lögmaður Framtaks h/f, bæjarstjóranum á Akureyri eftirfarandi bréf:

„Til mín hefur leitað framkvæmdastjóri Framtaks h.f. á Akureyri og falið mér að krefja Arnardal s.f. í Reykjavík um skuld vegna vinnu Framtaks fyrir Arnardal s.f. í áfanga 5 A hjá Hitaveitu Akureyrar á síðastliðnu sumri. Arnardalur s.f. hefur ekki fengist til að veita umbjóðanda mínum upplýsingar um greiðslur frá Hitaveitu Akureyrar vegna aukaverka í áfanganum og er þess því farið hér á leit að þér upplýsið mig um eftirtalin atriði:

1. Hverjar voru greiðslur í krónutölu fyrir aukaverk til Arnardals í áfanga 5 A hjá Hitaveitu Akureyrar árið 1978 (sundurliðað).
2. Var framlengdur skilafrestur á umræddu verki hjá Arnardal s.f., og ef svo var til hvaða tíma.
3. Hvers vegna var skilafrestur framlengdur.
4. Hvenær skilaði Arnardalur s.f. verkinu.
5. Var Arnardalur s.f. beittur dagsektum.
6. Hve háum dagsektum var beitt.

7. Fyrir hvað var Arnardalur s.f. beittur dagsektum.

Svar við ofangreindum spurningum óskast sent mér við allra fyrstu hentugleika.“

Svör við bréfi þessu koma fram í bréfi, sem Haraldur Sveinbjörnsson verkfræðingur og Bragi Sigurðsson tæknifræðingur rita Gunnari A. Sverrissyni, hitaveitustjóra á Akureyri, þann 23. apríl 1979. Þeir voru eftirlitsmenn með verkinu. Bréf þeirra hljóðar svo: „Að þinni beiðni höfum við undirritaðir tekið til afgreiðslu bréf dags. 2. apríl 1979 til bæjarstjóra Akureyrar, Helga Bergs skrifað af Benedikt Ólafssyni, hdl. Niðurstöður eru eftirfarandi:

1. Greiðslur til Arnardals fyrir aukaverk í 5. áfanga fyrri hluta:

Greitt fyrir efni vegna stækkunar brunns 518: steypa 1,3 m ³ á 18.000,- timbur 13 m ² á 4000,- járn 94 kg á 180,-	kr. 92.320
Greitt fyrir vinnu vegna beyglaðra og/eða þröngra hólka á Ø250 og Ø350 m/m pípur í Skógarlundi og Þingvallastræti: 241 stk. á 1250,-	— 301.250
Greitt vegna lagfæringar á skemmdum endum á rörum í Skógarlundi: 64 endar á 1250,-	— 80.000
Samtals	kr. 473.570

2. Skilafrestur á verkinu var fimmþættur:

1. Brunnar nr. 500A til og með nr. 507 skyldu vera tilbúnir til tengingar fyrir verktaka í 6. áfanga, 7. ágúst 1978.
2. Brunnar nr. 508 og 509 skyldu vera tilbúnir til tengingar fyrir verktaka 6. áfanga, 17. ágúst 1978.
3. Brunnar nr. 512 til og með 515 skyldu vera tilbúnir til tengingar fyrir verktaka 6. áfanga, 28. ágúst 1978 og á sama tíma áttu brunnar nr. 510 og 511 að vera tilbúnir til áhleypingar.
4. Brunnur 518 skyldi vera tilbúinn til tengingar fyrir verktaka síðari hluta 5. áfanga, 15. sept. 1978.
5. Verkinu skyldi að fullu lokið 1. okt. 1978.

Skilafrestur á verkinu var framlengdur þannig:

1. Brunnar nr. 500A til og með nr. 516 skyldu vera tilbúnir til áhleypingar 15. okt. 1978.
2. Verkinu skyldi að fullu lokið 25. okt. 1978.
3. Meginástæða fyrir framlengingu skilafrests var sú að ýmis efni sem verktaki þurfti á að halda kom ekki á lager Hitaveitu Akureyrar fyrr en allmiklu seinna en gert hafði verið ráð fyrir. Þá var og tekið tillit til aukins tíma við framkvæmdir vegna þröngra hólka og beyglaðra röraenda.
4. Arnardalur s.f. skilaði stofnæð áfangans frá miðlunargeymi að

brunni nr. 516 tilbúinni til áhleyningar 6. nóv. 1978, ásamt brunnum nr. 500A til og með nr. 516.

18. nóv. 1978 var lögnin milli bruna nr. 516 og 518 svo og brunnur 517 og 518 tilbúnir til áhleyningar. Á sama tíma hafði verktaki lokið grófum frágangi á jarðvinnu. Endanlegum frágangi á verkinu var frestað til vors 1979 með samþykki verkkaupa vegna óhagstæðs veðurs og aðstæður voru á þessum tíma ekki taldar þannig að verktaki gæti unnið þennan frágang á viðunandi hátt.

5. Já.

6. kr. 800.000,- krónur áttahundruð þúsund 00/100.

7. Samanber svar við spurningu nr. 2 var framlenging skilafrests tvíþætt og var verktaki beittur sektum í samræmi við það:

1. Verktaka var gert að greiða dagsektir samkv. þessum lið í 10 virka daga þ.e. frá 25. okt. 1978 til 6. nóv. 1978, krónur 25.000,- tuttuguogfimmþúsund 00/100 á dag. Samtals kr. 250.000,- krónur tvöhundruðogfimmtíuþúsund 00/100.

2. Með tilliti til þess sem sagt er í svari við spurningu nr. 4, var fallist á að verktaki greiddi sektir samkvæmt þessum lið frá 6. nóv. 1978 til 18. nóv. 1978, þ.e. í 11 virka daga, kr. 50.000,- krónur fimmtíuþúsund 00/100 á dag. Samtals kr. 550.000,- krónur fimmhundruðogfimmtíuþúsund.“

Í málinu liggur fyrir reikningur frá Framtaksi h/f til Arnardals s/f, dags 22. nóvember 1978. Reikningur þessi er heildarreikningur frá Framtaksi h/f yfir allt verk þeirra. Hljóðar upphæð hans um gkr. 16.728.600 að viðbættum verðbótum, 3,46%, eða gkr. 578.809. Reikningurinn nemur þannig alls gkr. 17.307.409. Reikningi þessum fylgir sundurliðun. Aðiljar eru sammála um, að þetta sé fyrsti yfirlitsreikningurinn, sem Arnardalur s/f hafi fengið frá Framtaksi h/f. Fyrirsvarsmenn aðilja, Stefán Jörundsson og Sverrir Þórólfsson, eru sammála um, að þeir hafi reynt uppgjör á grundvelli þessa reiknings. Fyrirsvarsmaður Arnardals s/f, Sverrir Þórólfsson, heldur því fram, að reikningur þessi sé bæði fyrir vinnu Framtaks h/f og Arnardals s/f. Þeir hafi því í janúar 1979 gert Stefáni Jörundssyni grein fyrir því með sundurliðuðum reikningi frá Arnardal s/f, hvaða kostnaður væri þá á kominn vegna vinnu Arnardals s/f við að ljúka verkinu, sem Framtak h/f hefði reiknað sér að fullu. Reikningur þessi liggur fyrir á dskj. nr. 19 og hljóðar upp á gkr. 4.202.826. Honum fylgir einnig lausleg sundurliðun. Heldur Sverrir því fram, að þegar þessari upphæð hafði verið bætt við þær gkr. 11.500.000, sem áður höfðu verið greiddar, hefði útkoman numið hærri upphæð en reikningur Framtaks h/f fyrir allt verkið.

Framtak h/f vildi ekki sætta sig við þennan útreikning, og varð ekki samkomulag með aðiljum. Stefán Jörundsson hefur m. a. bent á það fyrir dómi, að í reikningi Arnardals s/f sé þeim gert að greiða fyrir loftpressu, sem hann hafi sjálfur borgað beint.

Kröfur sínar byggir Framtak h/f síðan á nýjum reikningum. Þeir eru á dskj. nr. 3-10. Stefán Jörundsson hefur hér fyrir dóminum sagt, að þessir reikningar séu endurrit reikninga, sem Arnardal s/f hafi verið sendir, og séu þær breytingar og leiðréttingar á dskj. nr. 18, þ. e. reikningnum frá 22. nóvember 1978. Heildarreikningarnir séu byggðir á enduryfirferð á mæliblöðum og úttektarblöðum. Krafa stefnanda hér fyrir dóminum er byggð á þessum síðari reikningum. Stefán Jörundsson heldur því fram, að dagsetningar reikninganna séu réttar, en í ljós hefur komið, að þeir eru vélritaðir miklu síðar í þeirri mynd, sem þeir liggja frammi hér fyrir dóminum (sic). Rétt þykir að taka hér upp hvern þessara reikninga fyrir sig og rekja afstöðu hvers aðilja til hvers reiknings.

Reikningur á dskj. 3, dags. 18. júlí 1978, vegna vinnu við dælustöð í Þórunnarstræti: alls gkr. 58.500. Stefndu hafa samþykkt þennan reikning sem réttan nema dagsetningu hans.

Reikningur á dskj. 3, dags. 18. júlí 1978, vegna vinnu við dælustöð í í þráðum í einangrun: alls gkr. 38.000. Þessum reikningi hefur Arnardalur hafnað algerlega, þar sem fyrirtækið hefur ekki fengið greiðslur frá Hitaveitu Akureyrar fyrir þessar bilanir. Stefán Jörundsson, fyrirsvarsmaður stefnanda, hefur fyrir dóminum sagt, að um aukaverk þessi hafi verið beðið að eftirlitsmanni hitaveitunnar. Ingvar Baldursson, verkstjóri hjá Hitaveitu Akureyrar, sem var einn eftirlitsmanna með verkinu, hefur fyrir dómi sagst muna eitthvað eftir aukaverkum vegna bilunar í þráðum í einangrun. Hann sagði, að í rorum þessum væru tveir þræðir vegna hugsanlegrar rakaleiðni inni í einangrun, ýmist utan eða innan frá. Einhverjar tafir hafi orðið hjá Framtaki h/f vegna framleiðslugalla, þannig að þræðirnir hefðu legið út í stálið á nokkrum stöðum, svo að við prófanir, er rörin höfðu verið sett saman, hefðu mælar sýnt útleiðni. Hann vissi ekki, hvort Arnardalur s/f fékk einhverjar bætur frá hitaveitunni þessa vegna. Arnardalur s/f hefur bent Framtaki h/f á að rukka hitaveituna beint vegna þessarar viðgerðar. Sjá einnig 4 verkfund, dómskj. 40, en þar kvarta verktakar (Arnardalur s/f) undan ólagi í einangrunarþráðum.

Reikningur dskj. 5, dags. í september 1978, vegna vinnu við beyglaða og/eða þrönga hólka á 250 og 350 mm pípum í Skógarlundi og Þingvallastræti, gkr. 301.250, og vegna lagfæringar skemmda á rorum í Skógarlundi, 64 endar, hver gkr. 1.250, eða gkr. 80.000, alls nemur reikningurinn gkr. 381.250.

Af hálfu Arnardals s/f er dagsetning reikningsins ekki viðurkennd rétt.

Sverrir Þórólfsson segir, að fyrirtæki hans hafi sjálft séð um lagnir frá brunni 501 að miðlunargeymi, þar sem einnig hafi verið skemmdir pípuendar og þröngir hólkar. Það hafi verið bætt til Arnardals s/f með gkr. 47.500. Þessi upphæð eigi að dragast frá bótum skv. þessum reikningi og því viðurkenni fyrirtækið gkr. 333.750 af þessum reikningi. Skv. dómskj. 36 hefur hitaveitan greitt upphæð þessa reiknings til Arnardals s/f. Stefán Jörundsson hefur sagst geta samþykkt tilboð Arnardals s/f varðandi þennan reikning, ef rétt sé, að gkr. 47.500 hafi verið greiddar fyrir verk, er Arnardalur s/f framkvæmdi.

Reikningur dskj. 6, dags. í september 1978, varðar þrennt:

1. Jarðvegsskipti undir pípu, brunnabil 507-505, 120 m/2000 gkr. 204.000.

2. Aukningu vinnu vegna ljósastaura, brunnabil 507-515, 460 m/1500 gkr. 690.000.

3. Ekna mold í skurðstæði, brunnabil 506-503, 130 m/1000 gkr. 130.000. Alls gkr. 1.024.000.

Stefndu hafa hafnað þessum reikningi og sagst ekki hafa fengið greitt fyrir þessa reikningsliði hjá Hitaveitu Akureyrar. Þeim hafi verið hafnað, sbr. bréf hitaveitunnar á dskj. nr. 20. Sjá hér einnig dskj. nr. 40, fundargerðir verkfunda, þ. e. fundinn frá 6. september 1978 og framburð Braga Sigurðssonar. Stefán Jörundsson hefur viðurkennt, að hitaveitan hafi ekki greitt fyrir verk skv. þessum reikningi. Ingvar Baldursson, sá er áður er getið, hefur fyrir dómi sagst kannast við jarðvegsskipti skv. þessum reikningi, en kvaðst ekki vita um reikningsmál þessa vegna. Hann sagði jafnframt, að það væri matsatriði, hvort um aukningu vinnu hefði verið að ræða vegna ljósastaura. Að hans mati hefði tilfærsla á skurðum vegna ljósastaura gert verk Framtaks h/f svolítið erfiðara.

Reikningur á dskj. nr. 7, dags. í september 1978, varðar:

1. Steypta stýriklossa, 17 stykki/gkr. 18.000, gkr. 306.000.

2. Steypta festu, 1 stykki/gkr. 40.000, gkr. 40.000.

3. Lagðan símakapal í skurð, brunnabil 501-515, 973.5 m/gkr. 400. gkr. 389.400. Alls nemur reikningur þessi gkr. 735.400.

Stefndu hafa samþykkt þennan reikning nema lögn símakapals. Reikningurinn er þannig viðurkenndur að upphæð kr. 346.000. Arnardalur s/f hefur fengið greitt aukalega vegna þessa símakapals, en fyrirsvarsmaður fyrirtækisins, Sverrir Þórólfsson, heldur því fram, að stefnanda hafi verið fullkunnugt, er hann bauð í verkið, að leggja ætti kapal í skurðinn. Kapallinn hafi hins vegar ekki verið í tilboði Arnardals s/f. Stefán Jörundsson, forsjármaður Framtaks h/f, hefur algerlega neitað því, að lagning símakapalsins hafi átt að vera inni í heildarverðinu. Þeir hafi lagt símakapalinn og þeir vilji fá greiðslu fyrir hann.

Reikningur á dskj. 8, dags. í september 1978. Í reikningnum er vitnað í brunnablöð (sjá dskj. 37), síðan taldir upp brunnar frá 501-518. Alls nemur reikningurinn kr. 4.092.000. Í málflutningi hefur lögmaður stefnanda haldið því fram, að einingarverð skv. þessum reikningi hafi stefnandi hækkað frá því, er segi í samningi. Lögmaðurinn heldur því fram, að þetta geri stefnandi, þar sem í samningnum sé augljós prentvilla. Þessu hafnar Sverrir Þórólfsson, fyrirsvarsmaður stefndu. Segir hann í framburði sínum, að skýrlega komi fram í samningi dskj. 12, að framkvæma hafi átt þetta fyrir gkr. 110.000 pr. stykki. Halda stefndu því fram, að stefnandi gleymi þessu samningsákvæði og hækki verðið um gkr. 100.000 við flesta brunna. Þessi reikningur leiðréttur eigi því að nema gkr. 2.502.000, hefði stefnandi unnið allt verkið. Samkvæmt dskj. nr. 17, úttekt á verkinu, hafi Arnardalur s/f orðið að láta vinna hluta af verkinu, bæði járnsmiði og verkamenn fyrir alls gkr. 1.504.700, sbr. reikninga Arnardals s/f á dskj. 27. Þannig viðurkennir Sverrir Þórólfsson, forsjarmaður Arnardals s/f, kr. 997.300 af þessum reikningi.

Reikningur dskj. nr. 9, dags. í nóvember 1978, varðar götulögn milli brunna. Alls nemur þessi reikningur gkr. 12.524.600. Sverrir Þórólfsson viðurkennir, að reikningurinn hefði átt að nema þessari upphæð, hefði Framtak h/f lokið verkinu, sem þeir hafi ekki gert, sbr. dskj. 17. Leiðréttur skv. stöðu verksins og greiðsluhæfum hluta þess, sbr. og dskj. 17 um stöðu verksins, þegar Framtak h/f fór frá því, ætti reikningur þessi að sögn Sverris að nema gkr. 10.703.858. Sú upphæð er þannig viðurkennd af Arnardal s/f. Stefán Jörundsson, forsjarmaður Framtaks h/f, hefur fyrir dóm-inum sagst vera tilbúinn að lækka reikning þennan varðandi liðinn götulögn milli brunna 516-518 um helming, eða um kr. 815.060. Lögmaður stefnanda hefur lækkað kröfu sína sem þessu nemur.

Reikningur dskj. 10, dags. í nóvember 1978, varðar verðbætur. Verðbætur þessar eru reiknaðar af reikningum þeim, sem að framan eru taldir og upphaflega námu gkr. 18.853.750. Á reikningnum er sagt, að innborgað hafi verið fyrir 11. september 1978 gkr. 5.000.000. Afgangurinn nemi gkr. 13.853.750. Verðbætur 3,461% af þeirri upphæð nemi gkr. 479.778. Lögmaður stefnanda hefur lækkað þennan reikning í samræmi við lækkun á dskj. nr. 9 hér að framan. Reikningurinn nemur því nú gkr. 451.250.

Sverrir Þórólfsson vill leiðrétta þennan reikning. Hann telur, að innborgað sé fyrir 1. september 1978 skv. kvittunum gkr. 9.500.000. Reikningarnir leiðréttir nemi gkr. 12.439.408. Frá þeirri upphæð dragist þannig gkr. 9.500.000 og nemi því eftirstöðvarnar gkr. 2.934.408 og verðbætur af þeirri fjárhæð gkr. 101.733. Af hálfu stefndu eru því viðurkenndir reikningar að fjarhæð gkr. 12.541.141. Þeir benda á, að þegar greiddir peningar séu dregnir frá þeirri fjárhæð, komi út mismunurinn, gkr. 1.041.141. Sam-

kvæmt dskj. nr. 24 sé reikningur fyrir vörubílaakstur gkr. 248.870. Honum sé væntanlega ekki mótmælt. Mismunur sé því gkr. 792.271.

Reikningar stefnanda nema aftur á móti gkr. 18.489.940. Frá þeim dragast gkr. 11.474.970, sem stefnandi telur greiddar.

Fyrirsvarismaður stefnanda heldur því fram, að hann hafi látið hætta við verkið, áður en því var að fullu lokið, vegna greiðslutregðu af hálfu Arnardals s/f. Vitnar hann í því sambandi til kvartana á verkfundi, sbr. áður-skráð, og til framburða eftirlitsmannanna Braga Sigurðssonar og Ingvars Baldurssonar hér fyrir dóminum. Bragi og Ingvar vitna um, að Stefán Jörundsson, forsjarmaður Framtaks h/f, hafi kvartað undan greiðslutregðu Arnardals s/f. Þeir hafa hins vegar ekki fylgst með uppgjöri milli þessara aðilja. Sjá síðar.

Sverrir Þórólfsson, forsjarmaður Arnardals s/f, hefur fyrir dómi kannast við, að Stefán Jörundsson hafi talið Framtak h/f eiga meira inni hjá Arnardal s/f en þeir höfðu greitt.

Hann kvaðst margitrekað hafa bedið hann að koma með reikning fyrir því. Fyrirtæki hans hafi þó ekki borist reikningur frá Framtaksi h/f fyrr en 17. eða 18. nóvember 1978 (á að vera 22. nóvember 1978). Hann hafi sjálfur reynt að meta stöðuna hverju sinni og greitt samkvæmt því. Hann hafi greitt þetta upp í væntanlega reikninga Framtaks h/f, en Stefán Jörundsson hafi haft öll tök á að gera reikningana, þar sem hann hafi fengið afrit allra úttektarblaða. Úttektarblöðin hafi verið gerð af Stefáni eða verkstjóra hans og eftirlitsmanni Hitaveitu Akureyrar. Sverrir kvaðst síðan hafa fengið úttektarblöðin og gert aðalreikningana eftir þeim.

Sverrir taldi, að Framtak h/f hefði horfið frá verkinu, þar sem fyrirtækið hefði ekki valdið því, sem það hafði tekið að sér. Farið hafi að síga á ógæfuhliðina hjá fyrirtækinu, þegar það hafði orðið lægst bjóðandi í 5. áfanga B og fengið það verk, en það hafi verið beint framhald þess áfanga, sem þeir voru að vinna. Framtak h/f hafi byrjað á því verki í ágúst 1978 og þá hafi Stefán farið að bera fyrir sig, að hann fengi ekki greiðslur frá Arnardal s/f.

Sverrir taldi, að Arnardalur hefði á hverjum tíma greitt samkvæmt stöðu verksins það af verkinu, sem var úttektarhæft, sbr. verklýsingu.

Stefndu hafa höfðað gagnsakarmál á hendur stefnanda. Upphaflegar kröfur í gagnsök koma fram í gagnstefnu á dskj. nr. 29 og greinargerð á dskj. 30. Uppbygging upphaflegrar kröfu kemur þó ljóslegast fram af greinargerð í aðalsök á dskj. nr. 14. Upphafleg gagnkrafta var þannig fundin, í fyrsta lagi, sbr. reikning dags. 1. des. 1979, dskj. nr. 26, gkr. 5.150.000 vegna dagsekta, sem stefndu reikna í 103 daga frá 7. ágúst 1978 til 18. nóvember 1978, kr. 50.000 á dag, sbr. samning aðilja á dskj. nr. 12. Samkvæmt breyttri kröfugerð í gagnsakarmálinu, dskj. nr. 42, hafa stefndu nú lækkað

þennan reikning og miða dagsektir sínar nú við 33 daga, eða frá 15. október 1978 til 18. nóvember 1978. Reikningurinn verður því gkr. 1.650.000.

Í öðru lagi, sbr. reikning dags. 10. janúar 1980 á dskj. nr. 28 um heildarskaðabætur vegna samningsrofa og verulegs fjárhagstjóns í því sambandi, gkr. 3.500.000. Með breyttri kröfugerð í gagnsök, dskj. nr. 42, hafa stefndu lækkað þennan reikning um gkr. 1.500.000, þannig að hann nemur nú gkr. 2.000.000.

Þá hafa stefndu á dskj. nr. 42 leiðrétt samlagningarskekkju um gkr. 100.

Kröfur um skaðabætur vegna samningsrofa og margvislegs tjóns í því sambandi rökstyðja stefndu með því, að þeir hafi þessa vegna orðið að láta vinna verkið um vetur og einnig að fara um vorið 1979 í 2—3 vikur með vinnuflokk og kosta uppihald og ferðir fyrir hann. Tjón þeirra sé því tilfinnanlegt og hafi þeir tapað á verkinu. Hefði það allt farið á annan veg, hefði stefnandi staðið sig sem undirverktaki.

Frá reikningum á dskj. nr. 26 og 27, eins og þeir eru nú orðnir eftir leiðréttingar á dskj. nr. 42, draga stefndu síðan gkr. 792.271, þ. e. þá upphæð, sem þeir telja sig skulda skv. aðalsök. Niðurstaða útreknings þeirra er þá gkr. 2.857.729, en það gerir upphæð gagnkröfu þeirra, sbr. dskj. nr. 42.

Stefndu benda á, að þeir hafi orðið að greiða Hitaveitu Akureyrar gkr. 800.000 sem dagsektir. Hitaveitunni hafi þótt ástæða til að fara vægt í sakirnar, þar sem stefndu hafi orðið að taka við verkinu fyrirvaralaust og það ljóslega verið unnið á miklu óhentugri tíma en ráð var fyrir gert. Þeir benda á, að sérstakur samningur sé milli aðiljanna um dagsektir og það sé skýlaus krafa þeirra, að við hann verði staðið. Þeir benda jafnframt á, að á dskj. 32 séu lagðir fram yfirlitsreikningar yfir greidd laun til starfsmanna og stefndu sjálfra, sem báðir hafi unnið mikið við að ljúka verkinu. Þar sé ekki lögð fram skrá yfir vinnutíma véla og bifreiða, en af skjali þessu er ljóst, að stefndu hafi orðið fyrir verulegu fjárhagstjóni.

Af hálfu stefnanda er gagnkröfum stefnda alfarið vísað á bug. Því er mótmælt, að hann verði látinn sæta dagsektum og einnig að hann hafi sagt sig fyrirvaralaust frá verkinu og eigi því að greiða skaðabætur. Reikningi á dskj. 32 er algerlega mótmælt.

Sverrir Þórólfsson hefur fyrir dóminum borið, að það hafi að mestu leyti verið vegna verka, sem vinna átti á vegum Arnardals s/f sem stefndu urðu að borga Hitaveitu Akureyrar dagsektir. Arnardalur s/f hafi ekki beint lent í nokkrum dagsektum vegna verka Framtaks h/f. Þeir hafi hins vegar lent óhjákvæmilega í miklum kostnaði við að vinna upp eftir Framtak h/f á vetrarmánuðum. Stefndi Höskuldur Guðmundsson kvaðst fyrir dómi ekki vera viss um, að Framtak h/f hefði verið orðið á eftir með verk sitt, þegar

fyrirtækið hvarf frá verkinu. Sjálfir hafi þeir verið í öðru verki og ekki strax getað tekið við.

Stefán Jörundsson, forsjarmaður Framtaks h/f, hefur viðurkennt fyrir dóminum, að þeir hafi ekki skilað verkum á réttum tíma miðað við verk-samning. Hann segir, að verktíminn hafi verið naumur, verkið gengið erfið-lega, síðar hafi orðið tafir á síðara hluta verksins vegna ljósastaura, t. d. Þá hafi þeir orðið að bíða eftir símakapli m. a. Hann taldi ástæðuna fyrir drætti á verkinu sjálfu vera að kenna bæði lélegri stjórnun og ýmsu öðru, sem samfara sé svona verki. Hann viðurkenndi þannig, að verkið hefði dregist af þeirra hálfu að hluta til. Hann kvaðst þó ekki viðurkenna greiðslu dagsekta, því hefði Arnardalur s/f staðið við sitt gagnvart Framtaksi h/f, hefði dagsektum ekki verið beitt, þá hefði réttur skilafrestur fundist á verki því, er Framtak h/f átti að skila. Hann sagði það ekki hugsanlegt, að verk hans hefðu tafist vegna verka Arnardals s/f né verk Arnardals vegna hans verka. Hann taldi þó verk sitt hafa tafist vegna Arnardals s/f, m. a. vegna þess, að Sverrir Þórólfsson hafi verið ófáanlegur til að setjast niður og semja reikninga með honum, svo komast mætti að raun um niðurstöðu verksins. Greiðslur hafi því ekki verið í samræmi við það, sem samið var um.

Bragi Sigurðsson, einn eftirlitsmannanna með verkinu, hefur sagt fyrir dómi, að verkið hafi gengið frekar seint, en e. t. v. ekki mjög óeðlilega framan af, það hefði ekki orðið fyrr en undir lokin, þegar kom fram í september. Orsakir þess hafi verið ýmsar, bæði hafi þetta verið erfitt svæði á köflum og pípurnar verið erfiðar í meðhöndlun. Undir lok verksins hafi einnig komið upp einhver misklíð á milli forsjármanna Arnardals s/f og Framtaks h/f. Þessi misklíð hafi þó ekki að mati hitaveitunnar tafið verkið, heldur hafi vantað betri stjórn af hálfu verktakans. Hann var spurður af hálfu hvors verktakans þá. Svar hans var: „Aðalverktakans, að sjálf-sögðu.“ Sagði hann, að gagnvart þeim hafi Arnardalur s/f verið verktaki. Hann kvaðst ekki geta gert sér grein fyrir því, hvorum var um að kenna, að öðru leyti en því, sem fram kom á verkfundum, þ. e. verkfundi nr. 7. Þar hafi ekki aðrir verið mættir en Stefán Jörundsson og annar maður af hálfu Framtaks h/f, en enginn var frá Arnardal. Þegar áætlun næstu vikur hafi verið gerð, hafi Stefán tekið fram, að hann mundi reyna að gera þetta, fengi hann greiðslur frá aðalverktaka fyrir sína vinnu. Bragi sagði, að verkið hefði verið farið að dragast, meðan Framtak h/f var enn í því. Framtak h/f hefði hins vegar ekki átt að vinna nema hluta verksins og hann hafi ekki vitað nákvæmlega, hvað Framtak átti að gera. Hann sagði, að Framtak h/f hefði á þessum tíma verið orðið verktaki að öðrum verkum á vegum hitaveitunnar. Hann taldi, að Framtak h/f hefði ekki haft mann-skap til að sinna þessum verkum öllum. Hann sagði þá einnig hafa orðið

á eftir með það verk, er þeir unnu á sjálfs síns vegum. Ingvar Baldursson, eftirlitsmaður af hálfu Hitaveitu Akureyrar, hefur einnig borið það fyrir dóminum, að það hafi komið skýrt fram hjá Stefáni Jörundssyni, forsjármanni Framtaks h/f, er líða tók á haustið 1978, að hann teldi sig ekki geta haldið áfram vegna fjáskorts. Hann hefði leitað til hitaveitunnar um, hvort ekki mætti gera einhverjar breytingar á greiðslufyrirkomulagi. Hann hefði sagst eiga mikið fé inni hjá Arnardal s/f og gæti ekki haldið sinni vinnuáætlun þess vegna, einingarverð væru lág og hann kominn í greiðsluþrot. Ingvar sagði, að ekki hefði verið talið mögulegt að gera breytingar þarna á. Arnardalur s/f hefði fengið verkið og verið skráður verktaki að því.

Álit dómsins.

Aðalsök.

Reikningur dómskj. 3 að fjárhæð gkr. 58.500.

Ágreiningur er ekki um þennan reikning, og er fjárhæð hans tekin til greina.

Reikningur dómskj. 4 að fjárhæð gkr. 38.000.

Reikningurinn varðar aukaverk vegna bilunar í þráðum í einangrun. Stefndu hafa ekki neitað, að verk þetta hafi orðið að vinna, og eftirlitsmaður Hitaveitu Akureyrar, Ingvar Baldursson, hefur staðfest hér fyrir dómi, að stefnandi hafi haft einhver óþægindi vegna þess framleiðslugalla á rorum, að þræðir í einangrun lágu út í stálið á nokkrum stöðum. Á 4. verkfundi kvarta verktakar undan ólagi í einangrunarþráðum. Nægilega þykir þannig fram komið, að stefnandi hafi haft aukakostnað þessa vegna, og þar sem kröfur samkvæmt þessum reikningi eru í samræmi við kröfur á verkfundi og stefndu hafa ekki mótmælt reikningnum tölulega, þykir mega taka hann til greina í heild sinni.

Reikningur dómskj. 5 að fjárhæð alls gkr. 381.250.

Reikningurinn varðar vinnu vegna beyglaðra og þröngra hólka. Stefndu mótmæla ekki tölulegri upphæð reikningsins, en telja, að þeir hafi sjálfir unnið hluta verksins, eða fyrir gkr. 47.500. Þeir viðurkenna þannig gkr. 333.750 af reikningi þessum. Fyrirsvarsmaður stefnanda, Stefán Jörundsson, hefur látið liggja að því fyrir dóminum, að þetta kunni að vera rétt. Að þessu athuguðu þykir rétt að taka þennan reikning til greina með gkr. 333.750.

Reikningur dómskj. 6 að fjárhæð gkr. 1.024.000.

Stefndu hafa hafnað þessum reikningi með þeim rökum, að Hitaveita

Akureyrar hafi neitað aukagreiðslum vegna þeirra meintu aukaverka, sem talin eru upp í reikningnum. Af bréfi dómskj. 36 kemur fram, að hitaveitan hefur ekki greitt vegna þeirra verka, sem talin eru í reikningnum. Á dómskj. 20, í 3. tl., kemur fram, að verkkaupi, Hitaveita Akureyrar, hafnar greiðslum vegna tilfærslu skurðstæðis í Skógarlundi vegna ljósastaura, en krafa stefnanda skv. reikningnum stafar að miklu leyti frá þessari tilfærslu. Fram kemur af dómskj. 20 og framburði Braga Sigurðssonar, að tilfærslan var ákveðin, áður en skurðurinn var grafinn. Það er ástæðan fyrir því, að greiðslu er hafnað.

Hitaveita Akureyrar hefur þannig hafnað greiðslum vegna þessa reiknings að meginhluta til, og eftirlitsmennirnir gera ekki mikið úr verkaukningunni. Eftirlitsmennirnir, Bragi Sigurðsson og Ingvar Baldursson, hafa báðir viðurkennt fyrir dómi, að verk stefnanda hafi orðið svolítið erfiðara vegna þeirra atriða, sem hér eru talin. Ingvar Baldursson segir í framburði sínum, að stefnandi hafi í upphafi verks verið látinn flytja á sturtu uppgröft að hluta a. m. k. Síðan hafi komið í ljós, að ekki var þörf á þessum jarðvegs-skiptum, þar sem þarna átti ekki að koma varanleg gangstétt, heldur gras-kantur.

Rétt þykir því, að þeir eigi rétt á nokkurri þóknun vegna þeirra auka-verka, sem krafði er um skv. þessum reikningi. Þóknunin þykir hæfilega metin gkr. 150.000.

Reikningur dómskj. 7 alls gkr. 735.400.

Stefndu hafa viðurkennt gkr. 346.000 af þessum reikningi, en andmælt gkr. 389.400, sem er vegna lagningar símakapals í skurð brunnabil 501-515. Stefndi Sverrir Þórólfsson hafnar þessum lið reikningsins á þeirri forsendu, að fyrirsvarsmönnum stefnanda hafi verið ljóst, að leggja átti símakapalinn, þegar þeir gerðu tilboð sitt. Þessu hefur verið mótmælt af hálfu stefnanda. Stefndu hafa fengið greitt aukalega fyrir lagningu kapalsins. Aðiljar eru sammála um, að hann var lagður á vegum stefnanda. Stefndu þykja ekki hafa sannað gegn andmælum, að lagning kapalsins hafi átt að vera inni í tilboði stefnanda. Reikningurinn er þannig tekinn til greina í heild með gkr. 735.400.

Reikningur dómskj. 8 alls gkr. 4.092.000.

Í reikningum er sagt, að hann sé samkvæmt brunnablöðum. Sjá dómskj. 37. Við munnlegan flutning málsins var því haldið fram af hálfu stefnanda, að hér væru einingarverð hækkuð frá samningi dómskj. 12, þar sem þar sé um augljósa ritvillu að ræða. Stefndu halda því hins vegar fram, að skv. samningi og úttektarblöðum eigi reikningurinn að hljóða um gkr. 2.502.000. Því er ekki mótmælt af hálfu stefnanda. Þykir því, eins og málið

liggur fyrir, verða við það að miða, enda rétt að láta orð samningsins gilda, þar sem ekkert hefur komið fram, sem styður fullyrðingar stefnanda um annað. Þá halda stefndu því fram, að upphæð reikningsins þannig lækkuð eigi enn að lækka um gkr. 1.504.700 skv. reikningi þeirra dómskj. 27 og yfirlýsingu um stöðu verksins, þegar stefnandi hvarf frá verkinu, dómskj. 17. Af hálfu stefnanda er því hins vegar haldið fram, að fyrirtækið hafi fulllokið verki samkv. þessum reikningi. Af samanlagðri fjárhæð reiknings stefndu dómskj. nr. 27 eru gkr. 267.500 vegna samanlagðrar vinnu við yfirborðsfrágang við brunna. Þessi upphæð hefur stoð í yfirliti dómskj. 17, en það er undirritað af Sigurhans Hlynssyni, verkstjóra stefnanda, og staðfest að mestu af eftirlitsmönnum. Af hálfu stefnanda er henni ekki mótmælt tölulega. Af þessu leiðir, að rétt þykir að taka upphæð þessa til greina. Gögn og skýringar brestur fyrir öðrum upphæðum reiknings stefnda, og þykja ekki efni til að taka þær til greina hjá stefndu. Niðurstaða reiknings þessa þykir því eiga að vera gkr. 2.502.000 að fráðregnum gkr. 267.500, eða gkr. 2.234.500.

Reikningur dómskj. 9 alls að fjárhæð gkr. 12.524.600.

Reikningur þessi er vegna götulagnar milli brunna. Aðiljar eru sammála um, að reikningsupphæðin sem slík sé rétt, en stefndu vilja lækka upphæðina í gkr. 10.703.858. Vitna þeir til yfirlits dómskj. 17 um stöðu verksins, þegar stefnandi hvarf frá því, og telja lækkunina samsvara því, sem var ólokið. Af hálfu stefnanda er samþykkt að lækka þennan reikning um gkr. 815.060, en það er helmingur þeirrar upphæðar, sem stefnanda er reiknað skv. reikningum fyrir götulögn milli brunna 516-518. Stefán Jörundsson, forsjármaður stefnanda, hefur fyrir dómi talið um helming vinnu við þessa götulögn ólokið, þegar Framtak h/f hvarf frá verkinu. Hann fullyrti hins vegar, að vinnu skv. fjórum fyrstu liðum þessa reiknings hefði þá verið lokið. Sverrir Þórólfsson hefur fyrir dóminum mótmælt þessu með tilvísun til dómskj. 17. Segir Sverrir, að Framtak h/f hafi átt eftir að ganga frá svo til öllum yfirborðsfrágangi, flytja umframefni burtu af öllu svæðinu. Yfirlit á dómskj. 17 og framburðir stefnda Höskulds, starfsmanna stefndu og eftirlitsmannanna, Braga Sigurðssonar og Ingvars Baldurssonar, gefa nokkurt tilefni til að ætla, að Sverrir hafi þarna nokkuð til síns máls. Stefndu hafa hins vegar ekki sundurliðað kostnað sinn þessa vegna, og skv. vottorði dómskj. 31 frá Hauki Jónssyni eftirlitsmanni, en vottorð þetta hafa stefndu lagt fram, urðu starfsmenn Hitaveitu Akureyrar að sjá um yfirborðsfrágang, a. m. k. að hluta. Það þykja þannig ekki efni til að lækka þennan reikning stefnanda um meira en þær gkr. 815.060, svo sem stefnandi hefur sjálfur gert. Niðurstaðan er því sú, að reikningur þessi er tekinn til greina með gkr. 11.707.540.

Reikningur dómskj. 10 að fjárhæð gkr. 479.478.

Reikningur þessi er vegna verðbóta. Stefnandi hefur nú lækkað reikninginn um gkr. 28.228, sem er vegna lækkunar á reikningi dómskj. 9 hér að framan. Upphæð samkv. þessum reikningi nemur því nú gkr. 451.250. Stefnandi telur gkr. 5.000.000 innborgaðar fyrir 11.09. 1978 og miðar reikninginn við það. Samkvæmt kvittunum og greiðslufirliti dómskj. 16 eru innborganir hins vegar alls gkr. 11.500.000, þar af gkr. 9.500.000 fyrir 15. september 1978. Greiðslufirliti þessu hefur stefnandi ekki mótmælt. Aðiljar eru sammála um að reikna með 3,461% verðbótum. Samkvæmt fjárhæðum þeim, sem teknar hafa verið til greina á reikningum dómskj. 3—dómskj. 9, gkr. 15.259.690 að frádregnum inngreiðslum 15. september 1978, þykir mega taka reikning þennan til greina með 3,461% af gkr. 5.759.690, eða gkr. 199.343.

Heildarniðurstaða skv. aðalsök varðandi reikninga dómskj. 3-10 verður þannig gkr. 15.459.033. Stefndu draga frá þessari niðurstöðu gkr. 248.870 vegna vörubílaaksturs sumarið 1978, dómskj. 25. Rétt þykir að taka það til greina, þar sem stefnandi hefur ekki andmælt því.

Niðurstaðan í aðalsök er því gkr. 15.210.163 að frádregnum inngreiðslum dómskj. 16, gkr. 11.500.000, eða gkr. 3.710.162, en stefnandi hefur ekki reifað, hvornig hann fær sínar meintu inngreiðslur.

Gagnkrafta.

Stefndu skipta gagnkröfu sinni í tvennt:

1. Samkvæmt reikningi, dags. 1. desember 1979, dómskj. 26, vegna dagsekta frá 7. ágúst 1978 til 18. nóvember 1978, 103 dagar á 50.000 gkr. hvern dag, eða samtals gkr. 5.150.000. Þessa kröfu hafa stefndu lækkað og krefjast nú, sbr. dómskj. 42, dagsekta fyrir 33 daga eða frá 15. október 1978 til 18. nóvember s. á. Dagsektakrafan nemur því nú gkr. 1.650.000.

2. Samkvæmt reikningi, dags. 10. janúar 1980, dómskj. 28, fyrir heildarskaðabætur vegna samningsrofa og verulegs fjárhagstjóns þess vegna, gkr. 3.500.000. Samkvæmt dómskj. 42 hafa stefndu nú lækkað þennan kröfufé í gkr. 2.000.000.

Gagnkröfuna finna þeir út með að draga viðurkenndar fjárhæðir skv. aðalsök frá upphæðum skv. tl. 1 og 2 hér að ofan.

Stefnandi fór frá verkinu, án þess því væri að fullu lokið. Af hans hálfu hefur því verið haldið fram, að fyrirtækið hafi horfið frá verkinu vegna greiðslutregðu stefndu. Heildarreikningur fyrir verkið berst ekki frá stefnanda fyrr en að hann er horfinn frá verkinu. Í ljós er leitt, að reikningar þeir, sem byggt er á af hans hálfu, eru í núverandi mynd gerðir síðar, hvað sem dagsetningum þeirra líður. Stefnandi hefur því ekki tryggt sér sönnun

fyrir greiðslutregðu stefndu með reikningum fyrir hvern greiðsluhæfan verkþátt, dags. þegar þeir féllu í gjalddaga. Af hálfu stefnanda var ekki reynd innheimta slíkra reikninga.

Reikningar þeir, sem stefndu byggðu á upphaflega kröfugerð sína í gagnsök, eru ekki dagsettir fyrr en stefnandi hafði höfðað mál það, sem hér er til úrlausnar, meira en ári eftir að stefnandi hafði horfið frá verkinu. Stefndu hafa ekki sýnt fram á, að þeir hafi fyrr tilkynnt fyrirsvarsmönnum stefnanda, að þeir gerðu Framtak h/f ábyrgt fyrir hugsanlegu tjóni af brott-hlaupi þeirra, en fullt tilefni var til þess, teldu þeir brotthlaupið að tilefnis-lausu.

Þá eru kröfur stefndu í gagnsök illa reifaðar. Óskýrt er, hvert tjón þeir vilja fá bætt í hverjum kröfulið, hafði dómari þó í þinghaldi 25. september 1980 sérstaklega beðið um, að stefndu athuguðu, hvort þeir væru hugsan-lega að gera kröfu vegna sama tjóns tvisvar. Þá vantar alla sundurgreiningu. á kröfu samkvæmt 2. tl. og öll gögn til að byggja á slíka sundurgreiningu.

Stefndu þykja þannig hafa haldið á máli sínu bæði gagnvart reiknings-skilum við stefnanda og hér fyrir dómnum, að engin efni séu til að taka kröfur hans í gagnsök til greina.

Af hálfu stefnanda er krafist sýknu að svo stöddu í gagnsök. Krafan er þó rökstudd og málið flutt sem um sýknukröfu sé að ræða. Af hans hálfu er engin grein gerð fyrir því, hvers vegna krafan er svo gerð, enda engin lagaskilyrði fyrir slíkri kröfu. Að þessu athuguðu þykir mega skilja kröfugerð hans svo, að um venjulega sýknukröfu sé að ræða og samkvæmt ofansögðu að taka hana til greina.

Þegar skoðuð er kröfugerð aðilja í gagnsök og málatilbúnaður þeirra, þykir rétt, að hver þeirra beri sinn kostnað af gagnsökinni.

Niðurstaða aðalsakar verður sú samkvæmt framansögðu, að stefndu greiði stefnanda gkr. 15.210.163 að fráðregnum inngreiðslum, gkr. 11.500.000, eða gkr. 3.710.163.

Rétt þykir í samræmi við dómvenju, að stefndu greiði hæstu innláns-vesti, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá 1. nóvember 1978 til 1. júní 1980, en skv. b lið III. kafla auglýsingar Seðlabanka Íslands frá 30. maí 1980 vanskilavexti í samræmi við hæstu innlánsvesti af vaxtaaukareikn-ingum frá þeim degi til greiðsludags.

Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir rétt, að stefndu greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega metinn gkr. 700.000.

Krafa réttargæslustefnda um ómakslaun er ekki tekin til greina.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdóm-endunum Kristjáni Flygenring verkfræðingi og Ragnari Ingimarssyni prófessor.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Sverrir Þórólfsson og Höskuldur Guðmundsson persónulega og f. h. Arnardals s/f, greiði in solidum stefnanda, Framtaki h/f, nýkr. 37.101.63 með 19% ársvöxtum frá 1. nóvember 1978 til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, en með 46% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og nýkr. 7.000.00 í málskostnað — allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Kröfur stefndu í gagnsök eru ekki teknar til greina.

Hver aðilja skal bera sinn kostnað í gagnsök.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 29. maí 1981.

Ár 1981, föstudaginn 29. maí, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Gaukshólum 2 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Ólafi Sigurgeirssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið A-813/1981 Framtak h/f gegn Höskuldi B. Guðmundssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 dóm bæjarþings Reykjavíkur í málinu nr. 7220/1979. *Nr. 1* fylgir með í ljósriti, *nr. 2* fylgir með í ljósriti svohljóðandi:

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Benedikt Ólafsson hdl. og krefst fjárnáms fyrir kr. 37.101.63 með 19% ársv. frá 1. nóv. 1978, til 1. júní 1979, 22% ársv. frá þ. d. til 1. sept. s. á., 27% ársv. frá þ. d. til 1. des. s. á. 30% ársv. frá þ. d. til 1. júní 1980, en 46% ársv. frá þ. d. til greiðsludags, kr. 577.00 í endurrits- og birtingarkostnað, kr. 7.000.00 í málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ, kr. 200.00 í kostnað við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli býr hér og er ekki viðstaddur, en fyrir hann mætir Margrét Jóhannsdóttir, sem býr hér. Áminnt um sannsögli kveðst hún ekki geta greitt.

Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mættu lýsti fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarþola, Tangarhöfða 13. Fallið var frá virðingu. Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og brýndi fyrir mættu að skýra gerðarþola frá fjárnáminu/löghaldinu (sic). Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.